

**Sp.**

**304. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga þegar eftir að fjárlagafrumvarpið hafði verið lagt fram eftir setningu Alþingis. Fyrir þingbyrjun höfðu nefndarmenn létt nokkuð á undirbúningsvinnunni með viðtölum við fulltrúa frá 55 sveitarfélögum landsins. Reynsla hefur sýnt að starf nefndarinnar er svo tímafrekt og viðamikið að dagarnir frá þingbyrjun til jólahefjús eru í raun of fáir.

Nefndin hefur að þessu sinni tekið á mótum nokkuð á sjötta hundrað skráðum erindum og á formlega fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar frá um 240 aðilum, sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum, en auk þessa hefur fjöldi aðila haft samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta.

Fyrir 2. umr. hefur nefndin lokið afgreiðslu á skiptingu allra fjárfestingarliða og a mestum hluta þeirra mála sem varða útgjöld samkvæmt A-hluta frumvarpsins og þar með á hinum margvíslegustu erindum sem taka til ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila sérálitum. Allar breytingartillögur nefndarinnar við 2. umr. eru þó fluttar af nefndinni í heild og birtast þær á þskj. 282. Samkvæmt venju hefur minni hl. nefndarinnar

fyrirvara varðandi einstakar breytingartillögur og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á forsendum frumvarpsins. Breytingar á verðlags- og launaforsendum í kjölfar nýrra kjarasamninga verða teknar til athugunar og afgreiðslu við 3. umr. Til 3. umr. bíður einnig tekjuhlíð frumvarpsins, svo og B-hluta stofnanir, ríkisspítalar, Tryggingastofnun ríkisins, heimildir skv. 6. gr., auk nokkurra smærri atriða.

Þær breytingartillögur, sem fjárveitinganefnd flytur við þessa umræðu, fela í sér hækkun útgjalda sem nemur rúmlega 1% af útgjöldum fjárlagafrumvarpsins, eða samtals um 448 millj. kr. Er það svipað hlutfall og oft hefur verið áður á síðari árum.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlíð frumvarpsins eru þessar:

#### **01 Forsætisráðuneyti.**

- 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur gjöld hækka um 1000 þús. kr. á viðfangsefnalið 1.01 Yfirstjórn, til að ljúka framtíðarkönnun, og verða 10 457 þús. kr. Tilfærslur á viðfangsefninu 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar hækka um 445 þús. kr. og verða 795 þús. kr. Er það í samræmi við ályktun Alþingis frá 1974 um að framlagið skuli eigi nema lægri upphæð en sem svarar árslaunum prófessors við Háskóla Íslands.
- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Önnur gjöld hækka um 400 þús. kr. og verða 1400 þús. kr. á viðfangsefni 6.40 Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni.

#### **02 Menntamálaráðuneyti.**

- 203 Raunvísindastofnun háskólans: Laun hækka um 600 þús. kr. á viðfangsefni 1.20 Eðlisfræðistofa og verða 8625 þús. kr. Er þá tekin inn staða sérfræðings í þéttefnisfræðum.
- 207 Íslensk málstöð: Laun hækka um 300 þús. kr. vegna sérgreinds verkefnis og verða 2848 þús. kr.
- 301 Menntaskólinn í Reykjavík: Tekið er upp nýtt viðhaldsviðfangsefni, 500 þús. kr. vegna endurbóta á hátíðasal skólans.
- 302 Menntaskólinn á Akureyri: Önnur gjöld hækka um 2000 þús. kr. vegna endurbóta og 300 þús. kr. vegna nýs viðfangsefnis, Hönnun heimavistar sem jafnframt er ætlast til að verði fyrir Verkmenntaskólann.
- 308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Önnur gjöld hækka um 1800 þús. kr. vegna fjárfestinga við grunnskóla í Kópavogi.
- 321 Kennaraháskóli Íslands: Laun hækka um 1650 þús. kr. og verða 85 473 þús. kr. Hækkunin skýrist af nýrri stöðu lektors í hagnýtri kennslufræði 600 þús. kr., nýrri stöðu fulltrúa vegna endurmenntunarnámskeiða 600 þús. kr. og 450 þús. kr. vegna sérkennslunáms á Austurlandi. Önnur gjöld hækka um 550 þús. kr. vegna sérkennslunámsins.
- 322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, 6.01 Lóð og tækjakaup 1175 þús. kr. Eru 875 þús. kr. vegna lóðaframkvæmda og 300 þús. kr. til tækjakaupa.
- 331 Ípróttakennaraskóli Íslands: Tekinn er upp nýr liður, 5.01 Viðhald og tækjabúnaður 800 þús. kr.
- 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Önnur gjöld hækka um 4000 þús. kr. vegna byggingar nýs ípróttahúss við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Viðbygging 3000 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur.

- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Önnur gjöld hækka um 1200 þús. kr. og verða 6000 þús. kr. vegna byggingar heimavistar.
- 355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Verknámshús 3500 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur.
- 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Loftræstibúnaður 800 þús. kr.
- 422 Námsgagnastofnun: Önnur gjöld hækka um 1200 þús. kr. vegna framleiðsludeildar og 700 þús. kr. vegna Fræðslumyndasafns.
- 501 Tækniskóli Íslands: Eignakaup eru hækkuð um 3900 þús. kr. vegna tækjabúnaðar tveggja nýrra deilda, röntgendeildar og iðnrekstrardeildar.
- 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Lóðaframkvæmdir 2400 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík: Önnur gjöld eru hækkuð um 1000 þús. kr. til viðhalds á fasteignum skólans. Alls eru því 3000 þús. kr. til ráðstöfunar í viðhald.
- 515 Iðnskólar utan Reykjavíkur: Liðurinn hækkar um 4500 þús. kr. Eru 2000 þús. kr. vegna fræðsluáttaks í verksmiðjuviðnaði skv. kjarasamningum fyrr á árinu um endurmenntun iðnverkafélags og 2500 þús. kr. vegna tannsmíðanáms (Laun 1900 þús. kr. og Önnur gjöld 600 þús. kr.).
- 516 Iðnskólar, almennt: Önnur gjöld lækka um 1000 þús. kr. vegna viðhalds Vörðuskóla og 900 þús. kr. vegna gluggaviðgerða í Iðnskólanum í Reykjavík. Er þetta leiðrétting. Eignakaup hækka um 3000 þús. kr. vegna tækjakaupa Iðnskólans í Reykjavík og hefur skólinn þá 4000 þús. kr. til ráðstöfunar úr ríkissjóði til þeirra. Gert er ráð fyrir jafnháu framlagi borgarsjóðs.
- 553 Hússtjórnarskólar: Önnur gjöld hækka um 800 þús. kr. á liðnum 5.90 Viðhaldsfé, óskipt og verða 3800 þús. kr.
- 730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólustjóra: Önnur gjöld hækka um 23 695 þús. kr. og verða 209 195 þús. kr. Vísað er í sérstakt yfirlit í breytingartillögum um sundurliðun á einstök verkefni.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Tilfærslur hækka um 23 195 þús. kr. og verða 43 195 þús. kr. Vísað er til sérstaks yfirlits í breytingartillögum um sundurliðun eftir verkefnum.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Önnur gjöld á lið 5.22 Stúdentagarðar eru hækkuð um 3000 þús. kr. og verða 7000 þús. kr. til viðhalds stúdentagarða.
- 884 Jöfnun á námskostnaði: Tilfærslur eru hækkaðar um 5000 þús. kr. og verða 25 000 þús. kr.
- 885 Fullorðinsfræðsla: Tekinn er upp nýr liður, 1.40 Félagsmálanámskeið 150 þús. kr.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Laun eru hækkuð um 600 þús. kr. til að stofna rannsóknastöðu er tengist nafni Kristjáns Eldjárns fyrrum forseta Íslands og þjóðminjavarðar.
- 903 Þjóðskjalasafn Íslands: Önnur gjöld eru hækkuð um 1500 þús. kr. og verða 4698 þús. kr. á rekstrarviðfangsefni 1.01, en 6198 þús. kr. alls.
- 907 Listasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 600 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.
- 909 Blindrabókasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 600 þús. kr. og verða 3233 þús. kr.
- 931 Náttúruverndarráð: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. á viðfangsefni 1.31 Rannsóknastörf við Mývatn.
- 982 Listir, framlög: Tilfærslur hækka alls um 12 241 þús. kr. og verða 86 707 þús. kr. Aðallega er um að ræða verðuppfærslu, en einnig eru teknir upp 6 nýir liðir. Þeir eru: 1.22 Leiklistarstarfsemi, 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga, 1.25 Leiklistarráð, 1.26 Alþýðuleikhúsið, 1.81 Skuldagreiðslur og 1.82 Ferðaleikhúsið. Vísað er til breytingartillögu um frekari skiptingu.

- 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir: Tilfærslur á lið 1.10 Vísinda- og fræðistörf hækka um 150 þús. kr. vegna byggingarstyrks til Surtseyjarsfélagsins.
- 984 Norræn samvinna: Tilfærslur hækka um 490 þús. kr. og verða 9526 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 90 þús. kr. koma á lið 1.11 Norræna félagið og 400 þús. kr. á nýjan lið, 1.15 Norræni sumarskólinn.
- 986 Íþróttasjóður: Tilfærslur hækka um 9389 þús. kr. og verða 37 589 þús. kr. Vísad er í sundurliðun í breytingartillögum á sérstöku yfirliti.
- 988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 2814 þús. kr. og verða 14 298 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 1.10 Æskulýðsráð ríkisins 183 þús. kr., 1.12 Ungmennafélag Íslands 1515 þús. kr. og 1.13 Bandalag íslenskra skáta 1116 þús. kr.
- 989 Ýmis íþróttamál: Tilfærslur hækka um 4745 þús. kr. og verða 37 798 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 1.11 Ólympíunefnd Íslands 3925 þús. kr. (þar af 2500 þús. kr. vegna HSI), 1.13 Íþróttamál fatlaðra 425 þús. kr., 1.15 Íþróttastarfsemi, almenn 208 þús. kr. og 1.21 Skáksamband Íslands 187 þús. kr.
- 991 Húsfriðun: Tilfærslur hækka um 2400 þús. kr. og verða 12 454 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 6.10 Húsfriðunarsjóður 350 þús. kr., 6.20 Nesstofa 50 þús. kr., 6.40 Byggða- og minjasöfn 1500 þús. kr. og 6.40 Sjóminjasafn Íslands 500 þús. kr.
- 999 Ýmislegt: Tilfærslur hækka um 5107 þús. kr. og verða 21 163 þús. kr. Átta ný viðfangsefni eru tekin undir þennan lið og eru þau: 1.30 Dimmuborgir í Mývatnssveit, 1.31 Geysir í Haukadal, 1.35 Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, 1.51 Landssamband hjálparveita skáta, björgunarnámskeið, 1.90 Söfn, styrkir, 1.95 Fóstrufélag Íslands vegna samnorræns námskeiðs, 1.98 Félög, styrkir og 5.71 Hlíðardalsskóli, viðhald. Vísad er til nánari sundurliðunar í breytingartillögum.

#### 04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 171 Jarðeignir ríkisins: Framlög hækka um 3083 þús. kr. og verða 10 786 þús. kr.
- 172 Jarðasjóður: Framlag hækkar um 2000 þús. kr. og verður 4000 þús. kr.
- 201 Búnaðarfélag Íslands:
- Yfirstjórn, liðurinn hækkar um 2000 þús. kr. og verður 11 869 þús. kr. vegna verkefnaráðinnna starfsmanna.
  - Ráðunautar, liðurinn hækkar um 550 þús. kr. og verður 19 634 þús. kr. sem eru laun ráðunautar í ferðapjónustu.
  - Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn, við liðinn bætist 1100 þús. kr. og verður 14 376 þús. kr. sem er vegna yfirvinnu, aðallega á ferðalögum.
  - Landþurrkun, liðurinn hækkar um 73 þús. kr. og verður 540 þús. kr. Sjá sundurliðun á sérstöku yfirliti.
  - Sértekjur, liðurinn lækkar um 1300 þús. kr. og verður 2075 þús. kr.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins:
- Rannsóknarsvið, hækkar um 150 þús. kr. og verður 19 634 þús. kr., ½ stöðugildi í svínarækt verður ¾ stöðugildi.
  - Tilraunastöðin Skriðuklaustri, hækkar um 600 þús. kr. og verður 800 þús. kr., Viðhald á húsi Gunnars Gunnarssonar.
- 231 Skógrækt ríkisins:
- Tilraunir með rötarskóga, nýr liður 150 þús. kr.
  - Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt, nýr liður 2300 þús. kr. Er það framlag ríkisins á móti jafnháu framlagi úr Framleiðnisjóði.
  - Skógrækt einstaklinga, styrkir hækka um 85 þús. kr. og verða 400 þús. kr.
- 243 Sauðfjárveikivarnir: Liðurinn Viðhaldsverkefni, á varnargirðingum hækkar um 1500 þús. kr. og verður 3150 þús. kr.

- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Stofnkostnaður hækkar um samtals 9203 þús. kr. og verður 60 121 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
- 288 Jarðræktarlög, framlög: Ráðunautar, liðurinn hækkar um 1450 þús. kr. og verður 22 169 þús. kr. Er hér um leiðréttingu að ræða á því að fallið hafa niður 2½ stöðugildi.
- 289 Jöfnunargjald: Almennur rekstur hækkar um 13 650 þús. kr. sem er uppsafnaður söluskattur í loðdýrarækt.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Hækkun til Skógræktarfélags Íslands um 655 þús. kr., verður 830 þús. kr.
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri, rannsóknarhús: Liðurinn hækkar um 1100 þús. kr. og verður 5650 þús. kr. sem er Gróðurskáli við rannsóknarhús.
- 503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðhald á gróðurhúsum hækkar um 600 þús. kr. og verður 2600 þús. kr.

#### 05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 202 Hafrannsóknastofnun:
- Lúðueldi á Reykjanesi, nýr liður 1500 þús. kr. Um er að ræða rannsóknir á að ala upp lúðu í eldskerjum.
  - Alþjóðlegt samstarfsverkefni í hafrannsóknnum í hafinu milli Íslands og Austur-Grænlands, nýr liður 2700 þús. kr.
  - Viðhald, óskipt, hækkar um 4800 þús. kr. og verður 5800 þús. kr. sem er viðhald rannsóknarskipa.
- 280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla:
- Söluskattur í sjávarútvegi lækkar um 25 000 þús. kr. og verður 675 000 þús. kr. Er hér um skiptingu á þessum lið að ræða til Útflutningsráðs Íslands.
  - Hlutur Útflutningsráðs Íslands, nýr liður, verður 25 000 þús. kr.

#### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 202 Ríkissaksóknari: Lagt er til að laun hækki um 400 þús. kr. Um er að ræða laun fyrir tímabundin verkefni við að tölvutaka sakaskrá og málaskrá og aðkeypta sérfræðipjónustu vegna efnahagsbrota.
- 204 Borgarfélagið í Reykjavík: Lagt er til að launaliður hækki um 415 þús. kr. en það er eitt stöðugildi; ákveðið af ráðninganefnd.
- 216 Sýslumaðurinn á Patreksfirði: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. vegna endurbóta á skrifstofuhúsnæði.
- 222 Sýslumaður og bæjarfógeti Saudárkróki: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. en þar er um að ræða kostnað við byggingu skrifstofuhúsnæðis.
- 231 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr. vegna innréttingar leiguhúsnæðis og skrifstofubúnaðar.
- 236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði: Lagt er til að liðurinn yfirstjórn hækki um 415 þús. kr. sem nemur einu stöðugildi samþykktu af ráðninganefnd.
- 242 Fangamál, ýmis kostnaður: Lagt er til að stofnkostnaður vegna ríkisfangelsa hækki um 1 millj. kr. vegna breytinga á húsnæði á Litla-Hrauni.
- 251 Landhelgisgæsla Íslands: Lagt er til að launakostnaður hækki um 180 þús. kr. vegna starfs við sínavörslu. Enn fremur verði kostnaður við tækjabúnað aukinn um 1800 þús. kr.
- 304 Ýmis kirkjuleg málefni: Lagt er til að sá kostnaður hækki um 600 þús. kr. en auk þess hækki kostnaður vegna Skálholtsstaðar um 200 þús. kr. Þá er ákveðið að verja 5 millj. kr. til viðgerðar á Hóladómkirkju en sú viðgerð þolir enga bið.

#### 07 Félagsmálaráðuneyti.

- 399 Vatnsveitur: Stofnkostnaður hækkar um 8000 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr.
- 700 Málefni fatlaðra: Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra hækkar um 4000 þús. kr. og verður 41 811 þús. kr.
- 701 Málefni fatlaðra Reykjavík: Nýr liður, Sambýli í leiguhúsnæði 1600 þús. kr.
- 702 Málefni fatlaðra Reykjanesi: Nýr liður, Sambýli fyrir börn 3180 þús. kr., frá 1. júlí, 6½ stöðugildi. Atvinnuleit, hækkun um 500 þús. kr. og verður 1317 þús. kr.
- 703 Málefni fatlaðra Vesturlandi: Nýr liður, Sumarbúðir 710 þús. kr.
- 704 Málefni fatlaðra Vestfjörðum: Liðurinn Svæðisstjórn hækkar um 445 þús. kr. og verður 2564 þús. kr.
- 705 Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra: Nýr liður, Sambýli Sauðárkróki, verður 820 þús. kr. Ein staða.
- 706 Málefni fatlaðra Norðurlandi eystra:
- a. Svæðisstjórn, hækkar um 320 þús. kr. og verður 4686 þús. kr. Um er að ræða lausráðinn starfsmann.
  - b. Sambýli Húsavík. Nýtt, ráða má í fimm stöðugildi frá 1. september.
  - c. Vistheimilið Sólborg, hækkun um 415 þús. kr. og verður 61 648 þús. kr., leiðrétting vegna sérkjarasamninga.
  - d. Sumarbúðir Botni, liðurinn hækkar um 240 þús. kr. og verður 1872 þús. kr.
  - e. Sértekjur. Vistheimilið Sólborg, liðurinn lækkar um 1050 þús. kr. og verður 8055 þús. kr.
- 707 Málefni fatlaðra Austurlandi: Svæðisstjórn, hækkar um 410 þús. kr. og verður 3383 þús. kr. Ráðinn bílstjóri.
- 708 Málefni fatlaðra Suðurlandi:
- a. Skaftholt í Gnúpverjahreppi, nýtt vistheimili, fjárveiting 2160 þús. kr.
  - b. Leikfangasafn í Vestmannaeyjum, tekin er upp hálf staða, hækkun á launalið 315 þús. kr. og verður 901 þús. kr.
  - c. Lambhagi Selfossi, meðferðarheimili. Akstur hækkar um 197 þús. kr. og verður 5287 þús. kr.
- 981 Vinnumál, ýmislegt: Liðurinn hækkar um 3450 þús. kr. og verður 17 866 þús. kr.
- 999 Ýmis starfsemi:
- a. Slysavarnafélag Íslands, hækkar um 594 þús. kr. og verður 5400 þús. kr.
  - b. Sjómannastofur, hækka um 40 þús. kr. og verða 500 þús. kr.
  - c. Félagasamtök, styrkir, hækka um 613 þús. kr. og verða 5 500 þús. kr.
  - d. Kvænnaathvarf í Reykjavík, hækkun um 1000 þús. kr. og verður 3500 þús. kr.
  - e. Ýmis framlög, liðurinn hækkar um 200 þús. kr. og verður 1500 þús. kr.
  - f. Stofnkostnaður, Varnargarðar við Höfðabrekkujökul, nýr liður 600 þús. kr. gegn jafnhárrí upphæð annars staðar frá. Markarfljót, varnargarðar, nýr liður 2500 þús. kr. gegn jafnhárrí upphæð annars staðar frá.

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti.

- 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Eignakaup eru hækkuð um 500 þús. kr. vegna FM-heyrtækja í skólum og 300 þús. kr. vegna innréttinga í heyrnarklefa við útibúið á Akureyri.
- 326 Sjónstöð Íslands: Sértekjur lækka um 1000 þús. kr. vegna breytinga á gjaldtöku fyrir hjálpartæki.
- 350 Málefni fatlaðra: Breyting verður á texta, þ.e. viðfangsefnið 1.60 sem áður hét Gigtarfélag Íslands heitir nú Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands. Fjárhæðin 2334 þús. kr. stendur óbreytt.

- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tilfærslur á viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækka um 57 280 þús. kr. og verða 177 280 þús. kr. Tekið er upp nýtt viðfangsefni 6.91 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 8500 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartillögum um skiptingu á einstök verkefni.
- 386 St. Jósefsspítali, Landakoti: Laun eru hækkuð um 3000 þús. kr. Eru þá teknar inn 4 nýjar stöður. Önnur gjöld eru leiðrétt til hækkunar um 4000 þús. kr.
- 387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Laun hækka um 1200 þús. kr. vegna nýrrar stöðu aðstoðarlæknis.
- 391 Heilsugæslustöðvar: Önnur gjöld hækka um 8000 þús. kr. og eru 3000 þús. kr. af því vegna viðhaldsverkefna. Annað er m.a. vegna breytinga á kjarasamningum. Laun hækka um 3000 þús. kr. vegna breytinga á túlkun kjarasamninga.
- 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Teknir eru upp 4 nýir liðir: 1.30 Brjóstakrabbamein 5000 þús. kr., 1.35 Hjartavernd vegna Monica-rannsókna 1000 þús. kr., 1.41 Atvinnusjúkdómar (rannsókn á heymæði) 150 þús. kr. og 1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi 5000 þús. kr. Hækkun alls nemur 19 275 þús. kr. og verður heildarfjárveiting á þessum lið því 65 934 þús. kr.
- 471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Tekið er upp nýtt viðfangsefni 1.20 Vernd, félagasamtök 1000 þús. kr. Framlagið er vegna kaupa á húseign að Laugateigi.
- 481 Bindindisstarfsemi: Tilfærslur hækka um 33 þús. kr. á viðfangsefninu 1.20 Stórstúka Íslands og verða 500 þús. kr. Einnig er tekið upp nýtt viðfangsefni, 1.30 Norrænt bindindisþing 300 þús. kr. Tilfærslur hækka því alls um 333 þús. kr.
- 502 Proskapjálffaskóli Íslands: Laun hækka um 300 þús. kr. og verða 4914 þús. kr.

#### 09 Fjármálaráðuneyti.

- 201 Ríkisskattstjóri: Liðurinn hækkar um 2770 þús. kr. og verður 56 231 þús. kr. Fjórar nýjar stöður sem ráðninganefnd hefur lagt til að taka upp.

#### 10 Samgönguráðuneyti.

- 211 Vegagerð ríkisins: Tilfærslur eru lækkaðar um 500 þús. kr. (gisting og byggð) vegna tilflutnings á fjárlaganúmer 10-485 1.26 Ýmislegt.
- 332 Vitastofnun Íslands: Önnur gjöld eru hækkuð um 1400 þús. kr. á viðfangsefni 6.30 Vitabyggingar og verða 14 000 þús. kr. Hækkunin er vegna endurbóta á Miðfjarðarskersvita.
- 333 Hafnamál: Tilfærslur hækka um 73 639 þús. kr. og verða 266 966 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 6.20 Ferjubryggjur 2007 þús. kr., 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur 58 500 þús. kr., 6.40 Sjóvarnargarðar 9132 þús. kr. og á nýtt viðfangsefni, 6.51 Landshöfn Rífi, koma 4000 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í yfirliti með breytingartillögum.
- 341 Siglingamálastofnun ríkisins: Laun hækka um 1170 þús. kr. vegna þriggja nýrra starfa, skipaskoðunarmanns á Vestfjörðum, skrifstofumanns og rafmagnsskoðunarmanns. Önnur gjöld hækka um 1881 þús. kr. vegna húsaleigu (225 þús. kr.), umdæmisskrifstofa og skyndiskoðana. Eignakaup hækka um 310 þús. kr. vegna tækjakaupa fyrir hávaðamælingar um borð í fiskiskipum. Sértekjur lækka um 1550 þús. kr. vegna skipaskoðunargjalds sem flyst á viðeigandi lið í 3. grein frumvarpsins.
- 471 Flugmálastjórn: Laun hækka um 1170 þús. kr. og verða 200 975 þús. kr. Hækkunin er vegna 33% stöðu flugvallareftirlitsmanns á Þórshöfn (195 þús. kr.) einnar stöðu flugvallareftirlitsmanns á Akureyri (650 þús. kr.) og hálftrar stöðu við loftferðaeftirlit (325 þús. kr.). Önnur gjöld á viðfangsefni 6.80 Flugvellir, framkvæmdir hækka um

- 9400 þús. kr. og verða 69 400 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti með breytingartillögum.
- 485 Ýmis framlög: Tilfærslur hækka um 6330 þús. kr. og verða 12 075 þús. kr. Hækkunin skýrist m.a. af nýjum viðfangsefnum: 1.03 Björgunarbúnaður Sigmunds 125 þús. kr., 1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna (myndbanki) 600 þús. kr., 1.23 Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip 2500 þús. kr., 1.24 Ferðamálasamtök 600 þús. kr., 1.25 Samnorrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi 500 þús. kr. og 1.26 Ýmislegt (m.a. vegna útivistarsvæðis við Geysi í Haukadál og gistingar og byggðar) 1100 þús. kr. Að öðru leyti er vísað í breytingartillögum.
- 656 Landmælingar Íslands: Laun eru hækkuð um 600 þús. kr. vegna fjarkönnunarstofu sem ætlað er það hlutverk að safna saman ýmsum fjarkönnunargögnum (gervitungla-myndum o.fl.). Sértekjur eru lækkaðar um 1200 þús. kr.

#### **11 Iðnaðarráðuneyti.**

- 201 Iðntæknistofnun Íslands:
- a. Yfirstjórn, liðurinn hækkar um 1370 þús. kr. og verður 18 338 þús. kr.
  - b. Tækjabúnaður, hækkun um 600 þús. kr. og verður 9000 þús. kr.

#### **12 Viðskiptaráðuneyti.**

- 101 Yfirstjórn, hækkun til Neytendasamtakanna 116 þús. kr., og verður liðurinn þá 27 618 þús. kr.

Alþingi, 11. des. 1986.

Pálmi Jónsson,  
form., frsm.  
Pórarinn Sigurjónsson.

Guðmundur Bjarnason.  
Egill Jónsson.

Árni Johnsen.  
Friðjón Þórðarson.